

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2022

Umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka vegna tillögu til þingsályktunar um aðkomu öryrkja og ellilífeyrisþega að kjaraviðræðum. Þingskjal 346 – 334. mál.

ÖBÍ - réttindasamtök taka heilshugar undir að tryggja eigi aðkomu heildarsamtaka fatlaðs fólks og ellilífeyristaka að viðræðum ríkisstjórnarinnar og fulltrúa vinnuveitenda og launþega um komandi kjarasamninga og tryggja þannig að fatlað fólk og ellilífeyristakar fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í viðræðunum ásamt því að ríkisstjórnin taki rökstudda afstöðu til þeirra sjónarmiða áður en viðræðunum lýkur.

Það eru sjálfsögð réttindi fatlaðs fólks og ellilífeyristaka að eiga sæti við borðið í samningaviðræðum milli ríkis, launþega og vinnuveitenda um kaup og kjör í landinu. Kjör í landinu eru líka kjör fatlaðs fólks og ellilífeyristaka og aðkoma þessara hópa að samningaborð er réttlættismál. Fjárhæðir almannatrygginga hafa ekki fylgt launþróun í mörg ár þrátt fyrir að í 69. gr. laga um almannatryggingar komi þar skýrt fram að greiðslur skuli taka mið af launþróun. Fyrir vikið hefur myndast uppsöfnuð kjaragliðnun í tugum prósentu.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingarfyllst,


Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ


Sunna Elvira Þorkelsdóttir lögfræðingur ÖBÍ